



## Ræða forsætisráðherra 17. júní 1969

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræða – Forsætisráðherra – Sjálfstæði - 1969

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-5, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Reka fómetriðhús  
17. júní 1969.*

F —

Endurreisn lýðveldis á Íslandi, er  
sá atburður, sem við, er hann lifðum,  
teljum í senn hinn mærkasta og ánægjuleg-  
asta í sögu þjóðarinnar á okkar dögum.

A þeim 25 árum, sem síðan eru liðin,  
hefur á ýmsu oltið og ágreiningur ríkt um  
margt. Með sannindum verður þó ekki á  
móti því mælt, að á þessu tímabili hafa  
orðið meiri framfarir á innlendum vettvangi  
en nökkrum sinni fyrr á jafnlöngum tíma.

Lífsþróttur þjóðarinnar hefur lýst sér í  
ótal eftum og mörg afrek hafa verið unnin.  
Orsakir til þess eru ýmsar og ólíkar, en  
brýningin, sem menn hlutu við endurreisn  
lýðveldisins, á hér tvímælalaust mikinn  
hlut að, meiri en við samtímmenn gerum  
okkur í fljótu bragði grein fyrir. Út á  
við er samhengið enn augljósara. Sjálfir  
höfum við deilt hart og deilum enn um  
sumar þær ákvæðanir, sem gerðar hafa  
verið. Eftir stendur sú óhaggaðlega

staðreynd, að Ísland hefur tryggt sér  
mun sterkari stöðu á alþjóða-vettvangi en  
ætla hefði mátt um ekki mannfleira og  
öflugra ríki.

Enginn efast heldur lengur um, að  
íslendingar hafi tekið rétta ákvörðun með  
þeim aðgerðum, sem staðfestar voru á  
Þingvöllum hinn 17. júní 1944. Þá hafði  
og svo giftusamlega til tekizt að segja  
mátti, að þjóðareining réði um það, sem  
gert var.

Menn mega þó ekki ætla, að endurreisn  
lýðveldisins og óskorað sjálfstæði hafi  
fengist baráttulaust, né ætíð hafi verið  
einsýnt, hverjar ákvarðanir skyldi taka.  
Í sjálfstæðisbaráttunni greindi okkur  
íslendinga oft sjálfa á, og því fer fjarri,  
að sá ágreiningur hafi, fremur en ólíkar  
skoðanir manna nú, sprottið af ill-vilja  
eða ástríðu til sundurlyndis. Ólík  
sjónarmið og mismunandi skoðanir eru vitni

frelys og sannleiksleitar, enda fer þá  
bezt, þegar menn hafa hug og dug til þess  
hver og einn að hugsa sitt ráð, bera sig  
saman og velja að lokum þann kost, sem  
vænlegastur þykir.

Hinu verður ekki neitað, að eigin  
sundurþykkja tafði oft framgang frelys-  
baráttu okkar. Það kom af því, að við  
svo sanngjarnan aðila var að eiga, að  
hann hélt sjaldan til lengdar rétti fyrir  
Íslendingum, þegar hann sannfærðist um,  
að einhuga þjóð væri að mæta. Þess vegna  
var oft eða oftast hálfur sigur unninn  
þegar tókst að sameina landsmenn sjálfa  
um kröfur sínar.

Engum tókst það betur en Jóni Sigurðs-  
syni. Enginn fórnaði og starfskröftum sín-  
um fremur en hann í þágu sjálfstæðisbar-  
áttunnar. Enginn hafði heldur meira að  
fórna en Jón Sigurðsson, hinn mikilhæfasti  
stjórnmálamaður, sem starfað hefur fyrir

## íslenzka þjóð.

Það er því ekki að ófyrirsynju, að afmælisdagur hans var fyrst gerður að þjóðhátíðardegi og lýðveldið síðan formlega endurreist þann dag.

Sú ákvörðun er því athyglisverðari sem fáar þjóðir eru eins frábitnar persónudýrkun eins og við Íslendingar. Nú var það að vísu einn hluti fórnar Jóns Sigurðssonar fyrir þjóð sína, að hann varð alla starfsævi sína að búa í fjarlægu landi og kom ekki hingað nema til þingsetu annað hvert ár og stundum sjaldnar. Hann var þessvegna ekki í því nábýli, sem oft hefur gert menn glámskyggna á kosti hvers annars í landi okkar.

Af nánum kynnum leiðir á stundum, að baráttan verður of illvíg og persónuleg. En þeim fylgja einnig kostir. Hinn mikli

stjórnmálamaður Bismarck sagði, að hann hefði séð þrjá keisara á nærfötunum, og átti með því við, að hann hefði kynnst þeim eins og þeir voru í raun og veru, en ekki eins og þeir litu út í fjarlægð, hjúpaðir hefðarklæðum. Að íslandi tjáir engum til lengdar að dyljast fyrir mönnum í skjóli upphefðar og ytri umbúnaðar. Við almenn- ingi blasa allar gerðir og lífshættir þeirra, sem einhvern frama hljóta. Híð sanna manngildi verður trauðla falið þar sem allir þekkja alla.

Að meðal þeirra þjóða, sem nema milljónum, milljónatugum og hvað þá hundruðum milljóna manna, verða framámann í órafjarlægð við fjöldann. Þar er nú viðsvegar kvartað undan því sem einu hættulegasta þjóðfélagsmeini, að æ fleiri finnist þeir vera án tengsla eða aðildar að sjálfu þjóðféluginu, að þeir séu einskonar utangarðsmenn. Enda segir oft fátt

af einum innan um alla mergðina. Ofan á þetta bætist klofningur á milli kynslóða, hatramlegri en nokkru sinni fyrr, að margra hyggju.

Þessum meinsemdu er reynt að bæta með margvíslegu móti en misjöfnum árangri. Allar hafa þessar hræringar áhrif hér á landi, þó að um sumt sé ólíku saman að jafna.

En vissulega hafa einnig orðið miklar breytingar á þjóðfélagsháttum hér á síðustu áratugum. Því fer fjarri, að við höfum enn til fulls lagað okkur að þeirri byggðarbreytingu, að nú búa flestir í nokkru þéttbýli, gagnstætt algeru strjál-býli áður. Þá varð hver og einn að búa að sínu og hugsa sitt ráð sjálfur. Þá mátti með sanni segja:

Löngum var ég læknir minn,  
lögfræðingur, prestur,  
smiður, kóngur, kennarinn,  
kerra, plógur, hestur.

Nú hættir of mörgum við að ætlast til  
þess, að aðrir hugsi fyrir þá og varpa  
áhyggjum sínum á einhverja aðra en sjálfa  
sig. Samhjálpin er góð og síst má án  
hennar vera. En margt af því, sem menn  
nú finna að, kemur af því, að þeir vilja  
ekki leggja sjálfa sig fram. Of margir  
ímynda sér, að þeir séu hindraðir af  
ofurveldi annarra, þar sem ekkert slíkt  
er fyrir höndum. Þetta síðasttalda á  
jafnt við unga og gamla. Enda er það  
eðlilegt, að við verðum ekki síður en  
aðrir fyrir örðugleikum af klofningi á  
milli kynslóða, því að óvíða hafa meiri  
breytingar orðið á jafnskömmum tíma.

En nábýlið ætti að gera okkur þetta  
úrlausnarefni auðveldara. Hver og einn

þekkir af eigin raun eða af náunga síns, frænda og vina - eða óvina, ef því er að skifta, - að bæði auður og völd eru valtastir vina. Um það er og ekki að villast, að skilningur á milli stétta, verkamanna og vinnuveitenda fer vaxandi. Enda hafa atburðir síðustu missera enn á ný fært öllum þorra manna heim sanninn um, að afkoma allra stétta og raunar einstaklinga er samanofin í órofa heild. Engu að síður er um að gera að læra af því, sem vel hefur tekist annarsstaðar eða vænlega horfir til að brúa bilið á milli þjóðfélags-hópa og stétta, svo sem með auknu atvinnuhópa og stétta, hvort heldur í formi almennrar þátttöku í eign atvinnufyrirtækja eða aðild launþega til samráðs og áhrifa á stjórn þeirra.

Sama máli gegnir um úrræði til aukinnar þátttöku almennings í starfi stjórn-málauflokka. Víst væri æskilegt, ef unt

er að finna tryggilegt form fyrir próf-  
kjöri til undirbúnings framboðslista við  
almennar kosningar. Síkt hefur tekizt  
annarsstaðar að vísu við ólíkar aðstæður  
og má þó vel vera, að þau fordæmi geti  
orðið okkur til leibeiningar.

En í milljóna þjóðfélögum má einnig  
sjá viti til að varast. Í sjónvarpinu  
höfum við síðustu misseri séð margar  
lifandi myndir þess, hvernig sumir nota

múgæsingar til að koma málum sínum fram eða ota eigin tota. Þar sem órabil er á milli manna, þótt í miklu þéttbýli sé, alger ókunnugleiki ríkir á högum náungans og hver fær að deyja drottni sínum, er e.t.v. skiljanlegt, að öskur og æsingar komi í stað rökræðna og samráðs. Slíkt hefur raunar hvarvetna gefist illa, en á hvergi síður við en á Íslandi, þar sem allir eru í innbyrðis talfæri, ef svo má að orði komast. Svo er um alla Íslendinga hvar í stétt sem þeir standa, unga jafnt sem gamla.

Æskulýðurinn kvartar að vísu yfir því, að of lítið sé við hann talað, kraftar hans séu ekki virkjaðir og að hinir eldri haldi honum þannig niðri með ofurveldi. Ef annað stendur ekki á milli, ætti að vera auðvelt úr því að bæta. Því að flestir þeir, sem til einhverrar forystu

eru settir, harma einnig af sinni hálfu  
hið sama. Reynslan hefur fyrir löngu  
kennt þeim að meta að verðugu hvort heldur  
jábræður, sem aldrei kveða upp úr um eigin  
skoðun, eða nöldurmenni, er allt þykjast  
vita öðrum betur en láist að sýna viskuna  
í verki. En til þess að gagnsamlegt sam-  
tal og samráð geti átt sér stað, verða  
allir, jafnt þeir, sem að finna og hinir,  
sem að er fundið, að þola fulla hrein-  
skilni. Gagnrýni verður að vera heimil  
á báða bóga.

Menn koma engu góðu til vegar nema  
þeir séu sjálfir virkir þjóðfélagspegnar,  
geri upp eigin hug, þori að hugsa sjálf-  
stætt, fylgi hugsun sinni eftir og átti  
sig á því, að fátt næst fyrirhafnarlaust.  
Menn verða í senn að nenna að leggja á  
sig hugsun og vinnu, ef þeir í raun og  
veru vilja knýja fram þær umbætur, er  
löngun þeirra stendur til.

Skynsemin er okkur ásköpuð til  
þess að við beitum henni. Í þeim eftirnum  
hefur enginn gefið tegurra fordæmi en  
Jón Sigurðsson með sinni þrotlausu hugsun  
um þjóðarhag, rökræðum og útskýringum  
málefna, ásamt hiklausri framkvæmd lög-  
mætrar ákvörðunar, þegar á reyndi. Ef  
við fylgjum hans holla fordæmi, gerum við  
okkar til, að frjálst og fullvalda lýð-  
veldi megi haldast um öll ókomin ár á  
Íslandi.